



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04. janúar 2016

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almennar íbúðir, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 643 – 435. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um almennar íbúðir. Með frumvarpinu er stuðlað að bættu húsnæðisöryggi efnaminni fjölskyldna og einstaklinga með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi húsnæði í samræmi við greiðslugetu þeirra.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi og telur hér vera stigin nauðsynleg skref í átt að rétta úr þeim vanda sem kominn er upp á leigumarkaði. Leiguverð hefur hækkað svo um munar á síðustu misserum, úr takt við alla launaþróun, og hefur það orðið til þess að þeir efnaminnstu sitja uppi húsnæðislausir og hafa ekki ráð til að leigja, hvað þá kaupa fasteign. Með frumvarpinu er lágtekjufólki, þar með töldum eldri borgurum, öryrkjum og innflytjendum gert auðveldara fyrir með að búa við mannsæmandi aðstæður.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri